

Atvinnuveganefnd Alþingis
skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

umsagnir@althingi.is

Vestmannaeyjum, 7. maí 2024

Efni: Umsögn Ocean EcoFarm ehf. við frumvarp til laga um lagareldi (930. mál)

Ocean EcoFarm ehf. (OEF) er nýsköpunarfyrirtæki sem hefur þróað nýja tækni til ræktunar nytjastofna í sjó sem er frábrugðin hefðbundnu sjókvíaeldi. Þessi nýja tegund fiskræktar hefur verið nefnd *fjarðabeit* og hún felst í því að rækta íslenska nytjastofna á borð við þorsk í búrum á talsverðu dýpi þar sem fiskurinn nærast á dýrasvifi sem er til staðar í náttúrunni. Að mati OEF hefur fjarðabeitin marga augljósa kosti. Má þar t.d. nefna að ekkert verksmiðjuframleitt fóður er notað við ræktunina og sjónmengun er lítil sem engin þar sem búr eru undir yfirborði sjávar í kjörumhverfi þorsksins. Þá er notast við seiði úr villtum íslenskum þorski og því engin hætta á óæskilegri erfðablöndum. Vegna staðsetningar búrana undir yfirborði sjávar skapast einnig minna álag á búnað af völdum veðurs, ísingar eða þörungagróðurs. OEF hefur unnið að rannsóknnum og þróun fjarðabeitar frá ársbyrjun 2021 í Steingrímsfirði í nánú samstarfi við Hafrannsóknarstofnun (Hafró). Á þessum tíma hefur OED þróað og smíðað búnað til að rækta þorsk með umræddri aðferð í hagkvæmu magni.

Fjarðabeitin fellur illa að gildandi lagaumhverfi enda eru lög um fiskeldi, nr. 71/2008 og þá einkum ákvæði um leyfisveitingar, fyrst og fremst sniðin að hefðbundinni eldisstarfsemi í sjókvíum, einkum lax- og silungseldi. Til eru sér lög um fiskrækt, nr. 58/2006, en þau gilda ekki um fiskrækt á hafi, og lög um skeldýrarækt, nr. 90/2011, fjalla af augljósum ástæðum ekki um ræktun á fiski. Þá eru lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, aðallega miðuð við veiðar á villtum nytjastofnun, sem er heldur ekki tæk lýsing á þeirri starfsemi sem felst í fjarðabeitinni. Þetta lagalega tómarúm er í sjálfu sér ekki óeðlilegt enda er um nýja starfsgrein að ræða sem ekki hefur verið stunduð áður á Íslandi. Þó er mikilvægt að úr þessu verði bætt svo unnt verði að halda áfram þróun fjarðabeitarinnar með það að markmiði að treysta undirstöður þessarar nýju atvinnugreinar.

Fyrirliggjandi frumvarp um nýja heildstæða löggjöf um lagareldi, sem nú er til meðferðar hjá atvinnuveganefnd, virðist á hinn bóginn ekki fylla upp í hið lagalega tómarúm. Af þeim sökum hvetur OEF atvinnuveganefnd Alþingis til að leggja til viðhlítandi breytingar á fyrirliggjandi frumvarpi um lagareldi, m.a. með ákvæðum um skilgreiningu á fjarðabeit og um leyfisveitingar til slíkrar starfsemi.

Fulltrúar OEF eru reiðubúnir að mæta á fund atvinnuveganefndar til að gera nánari grein fyrir fjarðabeitinni, leggja fram frekari gögn um starfsgreininga og fara yfir þá þætti sem skýra mætti betur í lagaumgjörð starfseminnar.

Virðingarfyllt,

f.h. Ocean EcoFarm ehf.

